

**FRAMKVÆMDARREGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR
(ESB) 2018/307****2018/EES/64/32****frá 28. febrúar 2018**

um rýmkun á sérstökum ábyrgðum varðandi *Salmonella* spp., sem mælt er fyrir um í reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 853/2004, svo að þær nái til kjöts af holdakjúklingum (*Gallus gallus*) sem á að flytja til Danmerkur (*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 853/2004 frá 29. apríl 2004 um sérstakar reglur um hollustuhætti sem varða matvæli úr dýraríkinu ⁽¹⁾, einkum b-lið 3. mgr. 8. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Í reglugerð (EB) nr. 853/2004 er mælt fyrir um sérstakar reglur um hollustuhætti varðandi matvæli úr dýraríkinu er gildi fyrir stjórnendur matvælafyrirtækja, með sérstökum ábyrgðum varðandi tiltekin matvæli úr dýraríkinu sem eru ætluð fyrir finnskan og sænskan markað. Til samræmis við það þurfa stjórnendur matvælafyrirtækja, sem ætla að setja kjöt af tilteknum dýrum á markað í þessum aðildarríkjum, að fara að tilteknum reglum að því er varðar salmonellu. Enn fremur skal fylgja viðskiptaskjal með sendingum af slíku kjöti þar sem fram kemur að örverufræðileg prófun hafi farið fram með neikvæðum niðurstöðum í samræmi við löggjöf Sambandsins.
- 2) Auk þess eru þessar sérstöku ábyrgðir tilgreindar í reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 1688/2005 ⁽²⁾ og mælt fyrir um reglur um sýnatöku úr slíku kjöti og örverufræðilegar aðferðir til að rannsaka þessi sýni. Þar er einnig sett fram viðskiptaskjal sem á að fylgja sendingum af kjötinu.
- 3) Hinn 5. október 2007 sendi Matvælastofnun Danmerkur umsókn til framkvæmdastjórnarinnar um að Danmörku yrði veitt heimild fyrir sérstökum ábyrgðum fyrir allt landið, að því er varðar salmonellu í kjöti af holdakjúklingum (*Gallus gallus*), í samræmi við reglugerð (EB) nr. 853/2004. Umsóknin inniheldur lýsingu á dönsku varnaráætluninni vegna salmonellu í kjöti af holdakjúklingum (*Gallus gallus*).
- 4) Á fundi sínum 18. júní 2008 samþykkti fastanefndin um matvælaferlið og heilbrigði dýra vinnuskjal starfsfólks framkvæmdastjórnarinnar sem ber yfirskriftina „Leiðbeiningarskjal um lágmarkskröfur fyrir varnaráætlanir um salmonellu sem skulu viðurkenndar sem jafngildar þeim varnaráætlunum, sem voru samþykktar fyrir Svíþjóð og Finnland, að því er varðar kjöt og egg af tegundinni *Gallus gallus*“ ⁽³⁾ (Guidance document on the minimum requirements for salmonella control programmes to be recognised equivalent to those approved for Sweden and Finland in respect of meat and eggs of *Gallus gallus*) (hér á eftir nefnt leiðbeiningarskjal).
- 5) Danska varnaráætlunin vegna salmonellu í kjöti af holdakjúklingum (*Gallus gallus*) er talin jafngild þeirri sem samþykkt var fyrir Finnland og Svíþjóð og er í samræmi við leiðbeiningarskjalið. Þó var algengi salmonellu í dönskum hópum kynbótadýra af tegundinni *Gallus gallus* meira en efri mörkin sem lögð eru til í leiðbeiningarskjalinu; af þessum sökum gat það ekki talist jafngilt aðstæðum í Finnlandi og Svíþjóð.
- 6) Hinn 6. febrúar 2017 áframsendi Matvælastofnun Danmerkur gögn um algengi salmonellu í hópum kynbótadýra til eldis, fullvaxinna kynbótadýra og holdakjúklinga og í kjöti úr *Gallus gallus* á tímabilinu 2011–2016. Algengi á árunum 2015–2016 er í samræmi við efri mörkin sem sett eru í leiðbeiningarskjalinu.
- 7) Því ætti að rýmka sérstöku ábyrgðirnar þannig að þær nái yfir sendingar af kjöti af holdakjúklingum (*Gallus gallus*) sem á að flytja til Danmerkur. Auk þess ættu reglurnar, sem mælt er fyrir um í reglugerð (EB) nr. 1688/2005 varðandi sýnatöku úr slíku kjöti, örverufræðilegar aðferðir til að rannsaka þessi sýni og viðskiptaskjalið, að gilda um slíkar sendingar.

(*) Þessi ESB-gerð birtist í Stjútíð. ESB L 60, 2.3.2018, bls. 5. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 173/2018 frá 21. september 2018 um breytingu á I. viðauka (Heilbrigði dýra og plantna) við EES-samninginn (bíður birtingar).

(1) Stjútíð. ESB L 139, 30.4.2004, bls. 55.

(2) Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 1688/2005 frá 14. október 2005 um framkvæmd reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 853/2004 að því er varðar sérstakar ábyrgðir varðandi salmonellu vegna sendinga af tilteknum tegundum kjöts og eggja til Finnlands og Svíþjóðar (Stjútíð. ESB L 271, 15.10.2005, bls. 17).

(3) https://ec.europa.eu/food/sites/food/files/safety/docs/biosafety_food-borne-disease_salmonella_guidance_min-req_eggs-poultry-meat.pdf

- 8) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari reglugerð, eru í samræmi við álit fastanefndarinnar um plöntur, dýr, matvæli og fóður.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

1. gr.

Danmörku er heimilt að beita sérstöku ábyrgðunum varðandi *Salmonella* spp., sem mælt er fyrir um í 2. mgr. 8. gr. reglugerðar (EB) nr. 852/2004, varðandi sendingar af kjöti, eins og skilgreint er í lið 1.1 í I. viðauka við þá reglugerð, af holdakjúklingum (*Gallus gallus*) sem á að flytja til Danmerkur.

2. gr.

Sendingum af kjöti, sem um getur í 1. gr., skal fylgja viðskiptaskjal sem er í samræmi við fyrirmyndina sem sett er fram í IV. viðauka við reglugerð (EB) nr. 1688/2005.

3. gr.

Reglugerð þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 28. febrúar 2018.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Jean-Claude JUNCKER

forseti.
